

ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

Úrskurður í máli nr. 3/2018

Sigurður Ingólfsson

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru dagsettri 28. júní hefur Sigurður Ingólfsson, hér eftir nefndur áfrýjandi, kært þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 11. júní 2018, að taka ekki til frekari athugunar erindi áfrýjanda frá 28. febrúar 2018 varðandi skipan og störf skiptastjóra dánarbús foreldra áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefnd hnekki afstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Samkeppniseftirlitið krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II

Málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu

Hinn 28. febrúar 2018 barst Samkeppniseftirlitinu bréf áfrýjanda varðandi skipan og störf skiptastjóra dánarbús foreldra áfrýjanda. Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun í málinu hinn 11. júní 2018. Samkeppniseftirlitið taldi að hlutverk héraðsdómara við skipan skiptastjóra, samkvæmt ákvæðum laga nr. 20/1991, væri ekki efnahagslegs eðlis og því ekki atvinnustarfsemi í skilningi samkeppnislaga. Af því leiddi, að mati Samkeppniseftirlitsins, að erindi kæranda félli utan gildissviðs

samkeppnislaga og væri því ekki tilefni til frekari athugunar, sbr. 10. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 með áorðnum breytingum.

Um málsatvik að öðru leyti vísast til hinnar kærðu ákvörðunar og gagna málsins.

III

Málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni

Greinargerð Samkeppniseftirlitsins sem svar við kæru áfrýjanda barst 9. ágúst 2018. Athugasemdir áfrýjanda við greinargerðina bárust 18. ágúst 2018. Engin frekari sjónarmið bárust og var málið því tekið til úrskurðar. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist vegna dráttar á nýrri skipan nefndarinnar.

IV

Röksemdir málsaðila

Málsástæður og lagarök áfrýjanda

Áfrýjandi byggir á því að fyrirkomulagið við að skipa skiptastjóra standist ekki samkeppnislög, að Héraðsdómi Reykjavíkur beri að vinna skipti dánarbús foreldra áfrýjanda að nýju og að Héraðsdómur Reykjavíkur beri ábyrgð á að erfingjum verði bætt tjón vegna skorts á eftirliti með störfum skiptastjóra.

Áfrýjandi byggir einkum á því að komið sé í veg fyrir samkeppni með því að handvelja einstaklinga til að sinna störfum skiptastjóra. Með opinberum skiptum er vald yfir búinu lagt í hendur héraðsdóms sem síðan handvelur persónur til að sinna skiptastjórn. Telur áfrýjandi að núverandi fyrirkomulag á skiptum búa hafi oft orsakað stórkostlegt tjón hagsmunaaðila búanna, sem hefði að líkindum verið komið í veg fyrir, með því að fara að samkeppnislögum við val á þeim aðilum sem stjórna þeim.

Að mati áfrýjanda eru það öfugmæli að skipan skiptastjóra sé ekki efnahagslegs eðlis, svo sem Samkeppniseftirlitið byggir á, þar sem það að skipta dánarbúi gangi nánast eingöngu út á að skipta eignum dánarbús á milli erfingja.

Áfrýjandi byggir á því að hann og aðrir erfingjar hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki var farið að lögum við skipan skiptastjóra. Beri því að fallast á sjónarmið áfrýjanda og taka skiptin upp að nýju enda stangist fyrirkomulagið á vali á skiptastjórum við samkeppnislög. Jafnframt beri að fallast á að héraðsdómur beri ábyrgð gagnvart erfingjum á störfum skiptastjóra.

Málsástæður og lagarök Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið byggir á því að athafnir opinberra aðila flokkast ekki undir atvinnustarfsemi, þ.m.t. vald sem dómstólar fara með lögum samkvæmt. Í dómaframkvæmd hafi komið fram að þegar opinberir aðilar sinna lögbundinni stjórnslu eða beita opinberum valdheimildum teljist þeir ekki fyrirtæki í skilningi samkeppnisréttarins. Þá byggi fyrirkomulagið við skipun skiptastjóra á lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, sem séu sérlög sem ganga framar samkeppnislögum. Því falli sú starfsemi sem felst í skipun héraðsdómara á skiptastjóra ekki undir gildissvið samkeppnislaga.

Þá byggir Samkeppniseftirlitið á því að þó svo að litið yrði svo á að skipan skiptastjóra væri atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga, sé það mat Samkeppniseftirlitsins að beiting b-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga kæmi ekki til álita þar sem sérlög hafi að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til umræddra athafna.

Samkeppniseftirlitið byggir á að aðrar beiðnir áfrýjanda falli utan valdsviðs Samkeppniseftirlitsins, sbr. III. kafla samkeppnislaga.

V

Niðurstaða

1

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samkeppnislaga er markmið þeirra að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta þjóðarinnar. Þá segir í 1. mgr. 2. gr. laganna að þau taki til hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Um töku dánarbús til opinberra skipta og skipun skiptastjóra gilda lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. þeirra laga kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort bú verði tekið til opinberra skipta og skal hann gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu til þeirra þótt ekki hafi verið móti því mælt. Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laganna skipar héraðsdómari skiptastjóra til að fara með skiptin, þegar héraðsdómur hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til opinberra skipta. Í 2. mgr. 46. gr. laganna er kveðið á um hæfisskilyrði skiptastjóra og í 3. mgr. er fjallað um heimild hins látna til að tilnefna ákveðinn mann í erfðaskrá til að framkvæma skipti. Þá er í 47. gr. sömu laga kveðið á um til hvaða úrræða erfingjar geta gripið telji þeir skiptastjóra ekki standa sig í starfi sem m.a. geta leitt til þess að honum verði vikið frá.

Skipun skiptastjóra er dómsathöfn sem bókuð er í þingbók sbr. 1. mgr. 46. gr. laganna. Dómsathafnir verða ekki bornar undir stjórnvöld til endurskoðunar.

Af þessu er ljóst að skipun skiptastjóra í dánarbúum og fyrirkomulag þess heyrir ekki undir samkeppnislög heldur fara eftir lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Með vísan til framanritaðs er ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að erindi áfrýjanda gefi ekki tilefni til frekari athugunar, sbr. 10. gr. málsmeðferðarreglna þess nr. 880/2005, með síðari breytingum, staðfest.

Úrskurðarorð

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem fram kom í bréfi dagsettu 11. júní 2018 er staðfest.

Reykjavík, 15. janúar 2019

Lárus L. Blöndal

Anna Kristín Traustadóttir

Stefán Már Stefánsson